

Fundarefni:	a) Starfið í vetur b) Ráðstefna um neysluvatn og byggiregl. 2012		
Fundardagur:	10. september 2012	Fundartími:	17:00 – 19:00
Fundarstaður	EFLA – Höfðabakka 12	Fundarritari:	Grétar
Fundarmenn:	Grétar Leifsson, Hilmar Hjartarson, Andrés Hinriksson, Þorgeir Jóhannes Kjartansson, Jóhannes G. Pétursson		
Dreifing:	Fundarmenn, Heiðar Jónsson og Kristján Ottósson (LAFÍ)		

a) Starfið í vetur.

Rætt var um að hafa fundi ca. í hverjum mánuði og reyna að halda fundi stutta og hnitmiðaða ca. 1 klst. langa. Tekið verður við fyrirspurnum t.d. frá framkvæmdastjóra eða stjórn LAFÍ, en jafnframt þau fundarefni sem eru efst á baugi hverju sinni. Óskað var eftir tillögum og spunnust nokkrar umræður um eftirfarandi efni:

Umsagnir/Vottanir/CE-merkingar. Það eru kvaðir í reglugerðum og verklýsingum um að nota vottuð efni, en sárafáar umsagnir NMÍ eru í gildi. Í raun væri ekki hægt að vinna við lagnakerfi ef fara ætti eftir þessu og þær vörur sem eru með umsögn njóta ekki neinna verndar eða ættu að vera valin umfram aðrar vörur á markaði. Mikið er um vörur sem ekki þykja traustar s.s. blöndunartæki.

Starfsumhverfi lagnamanna. Úttektir, prófanir, byggingastjórar,... Mikið um viðhald sem jafnvel er veigamikilið sem er eftirlistlaust.

Leiðbeiningar. Hvort fagraðið ætti að gefa út ráðleggingar t.d. í takt við rörahandbókina norsku. Eingöngu þá sem leiðbeinandi og sem umræðugrundvöll.

Tjón. Fylgjast með tjónum og brjóta til mergjar orsakir og afleiðingar.

Nýjungar á markaði og efni sem þarf að vara við s.s. koparrör í elementum.

Þjónustusamningar um viðhald og skoðanir t.d. sprinklerkerfa og loftræsikerfa.

b) Ráðstefna

Rætt var um grein 14.5.10 um öryggi í nýju byggingarreglugerðinni. Þekking á hermannaveiki sem er alvarlegur sjúkdómur er ekki mikill og spurt var hversu alvarleg þessi hættu væri hérlendi t.d. hve margir hefðu fengið hana hérlendis og þá hvernig þeir smituðust. Ef miðað er við 65°C hita á vatni þá er hægt að brenna sig á þeim hita. Almenn er að notuð séu hitastillitæki í sturtur og böð, en í handlaugar, eldhús og vaskahús er oftast fullur hiti og lítið gert til þess að lækka hitann t.d. með innri stillingu tækis eða með hitastillitæki.

Að lokum þá var stungið uppá : Skarphéðni Skarphéðinssyni fyrir pípulm. og Heiðari Jónssyni byggingartæknifr. sem vænlega kosti sem frummælendur á væntanlegri ráðstefnu.